



Reykjavík, 10. desember 2020

## **Velferðarnefnd Alþingis** Helga Vala Helgadóttir formaður

.....  
**Efni:** 362. mál - Greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar á tímum kórónuveirufaraldurs.

Umsögn frá Körfuknattleikssambandi Íslands – KKÍ, kt.710169-1369

Körfuknattleikssamband Íslands KKÍ þakkar af heilum hug og fagnar meginefni frumvarpsins sem lagt er fram til að koma til móts við íþróttahreyfinguna vegna íþyngjandi launakostnaðar á tímum Covid-19.

KKÍ vill koma á framfæri þeirri athugasemd að frumvarpið er einskorðað við skilgreiningu á launamanni eins og þeir eru skilgreindir skv. 1. tölul. 4. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

Starfsmenn íþróttafélaga innan KKÍ eru ýmist launþegar eða verktakar. Segja má að um 75-80% af öllum starfsmönnum íþróttafélaga sem iðka körfuknattleik fái greitt sem verktakar. Skýringin á því er sú að störf hjá íþróttafélögum er hlutastarf t.d. þjálfarar í yngri flokkum sem og meistaraflokkum, dómara eða leikmenn. Starfsmenn körfuknattleiksfélaga eru í mörgum tilfellum í fullu starfi hjá öðrum vinnuveitendum og greiðslur til hvers og eins vegna hlutastarfa eru því í flestum tilfellum ekki háar.

Til að fyrirbyggja misskilning skal það tekið skýrt fram að allar greiðslur eru gefnar upp til skatts svo málið getur ekki snúist um skil á skattgreiðslum.

Með því að einskorða endurgreiðslur við launþega þá er hætta á að misræmi verði í endurgreiðslum til íþróttafélaga. Mikilvægt er að sömu reglur gildi um endurgreiðslur gagnvart öllum félögum svo að tryggt sé að allir fái jafnar greiðslur. Sú hugmynd að styrkir komi í gegnum önnur úrræði tryggir ekki jafnræði og óvíst er hvort unnt er að áætla tekjutap íþróttafélaga svo nákvæmlega að allir verði jafnir.

KKÍ þakkar þingmönnum allra flokka fyrir góðan skilning og gott samtarf við KKÍ og íþróttahreyfinguna á þessum afar sérstökum tímum sem við lifum núna vegna COVID-19 heimsfaraldursins.

Þess er óskað að nefndin taki tillit til þessara athugasemda.

Virðingarfyllt,

**Hannes S. Jónsson** Formaður KKÍ

